

8. júní 2021

Starfsskýrsla 2020

Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til
umhverfis- og auðlindaráðherra



BREIÐAFJARÐARNEFND

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	2
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	3
Starfsemi á árinu 2020	5
Dagleg starfsemi	5
Umsögn um erindi.....	5
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar.....	5
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	5
Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar.....	6
Áherslumál	6
Framtíð Breiðafjarðar.....	6
Landvarsla við Breiðafjörð	9
Náttúru- og menningarminjar.....	10
Örnefnaskráning.....	10
Fornminjakort fyrir Flatey	10
Rannsóknir á lífríki fjarðarins	10
Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarsvæðis Breiðafjarðar	11
Lokaorð	13

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Allt frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögnum samhliða breytingum á öðrum lögum sem þau tengjast en lögin eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr. <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er, samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra, vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð], 2) Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. [Ráðherra] skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 9. júní 2017. Árið 2020 sátu eftirtaldir í Breiðafjarðarnefnd:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Karl Kristjánsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Úlfar B. Thoroddsen.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Bjarnheiður Jóhannsdóttir.
- Ragnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Sturla Böðvarsson.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir.
- Róbert A. Stefánsson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Hulda Birna Albertsdóttir.

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, gegndi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar árið 2020 í 25% starfshlutfalli. Frá 1. febrúar 2020 var samið við Náttúrustofu Vesturlands um 35% starfshlutfall Theódóru aukalega til loka árs 2020 svo unnt væri að sinna þeim málum nefndarinnar sem brýnt þótti að ljúka, með áherslu á verkefnið „*framtið Breiðafjarðar*“.


Fundur Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt níu nefndarfundum á árinu 2020. Nefndin hélt einnig fjóra opna íbúafundi í sveitarfélögum við fjórðinn vegna framtíðar Breiðafjarðar auk þess sem hún fundaði með fulltrúum hvers sveitarstjórnar við fjórðinn vegna sama málefnis, alls sjö fundir. Langflestir fundir nefndarinnar árið 2020 fóru fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams sökum samkomutakmarkana í heimsfaraldri. Það fyrirkomulag reyndist henta vel til styttri funda og mun að öllum líkindum verða haldið áfram til framtíðar, að einhverju leyti í það minnsta.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem birtar hafa verið á heimasíðu nefndarinnar, www.breidafjordur.is.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar árið 2020 skv. fjárlögum námu 10 millj. kr. Myndin hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til Breiðafjarðarnefndar til ársins 2021, leiðrétt fyrir breytingum í launavísitölu. Samkvæmt þeim útreikningum hefur verðgildi framlagsins dregist saman um 53% á þeim 19 árum sem nefndin hefur verið starfandi og hefur lækkunin verið nokkuð stöðug á milli ára.



Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir ráðstöfun fjárveitinga nefndarinnar árið 2020. Stærstum hluta fjárveitinga nefndarinnar var varið í aukið starfshlutfall starfsmanns nefndarinnar skv. þjónustusamningi við Náttúrustofu Vesturlands. Árið 2020 var lögð lokahönd á upplýsingabækling nefndarinnar, öryggis- og umgengnisbækling fyrir Breiðafjörð, og féll til kostnaður vegna prentunar og flutnings hans.

Yfirlit yfir fjármál Breiðafjarðarnefndar 2020	
Rekstrartekjur	Bókað 2020
Fjárheimild ársins 2020	9.821.271
Vilyrði frá UAR vegna framtíðar Breiðafjarðar	1.500.000
Flutt frá fyrra ári	0
Tekjur alls	11.321.271
Rekstrargjöld	
Rekstur nefndar	
Nefndarlaun	382.806
Launatengd gjöld	58.535
Náttúrustofa skv. þjónustusamningi	9.660.601
Sími, internet og lén	41.858
Tölvuþjónusta	88.717
Annar kostnaður	63.724
SAMTALS	10.296.241
Fundagjöld	
Akstur	65.774
Dvalarkostnaður	11.120
Dagpeningar	14.000
Veitingar	114.182
Vettvangsferð	552.350
SAMTALS	757.426
Kostnaður við rannsóknir og verkefni	
Bæklingagerð	32.990
Prentun bæklinga	200.373
Flutningur bæklinga	9.523
Annar kostnaður	33.169
SAMTALS	276.055
Rekstrargjöld alls	11.329.722
Rekstrarniðurstaða	2020
Tekjur samtals:	11.321.271
Gjöld samtals:	11.329.722
Afkoma	-8.451

Starfsemi á árinu 2020

Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir þeim verkefnum sem Breiðafjarðarnefnd vann að árið 2020. Segja má að árið 2020 hafi verið tileinkað framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar en á árinu einbeitti nefndin sér að því að kynna möguleika fyrir framtíð Breiðafjarðar og kanna afstöðu sveitarfélaga, íbúa og annarra hagsmunaaðila til þeirra.

Dagleg starfsemi

Umsögn um erindi

Á árinu 2020 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála og umsagnir um frumvörp og reglugerðir. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í fundargerðir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar¹.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun og framkvæmdaáætlun auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar. Árið síðunni er einnig að finna undirsíðu tileinkaða „framtíð Breiðafjarðar“ en þangað hafa verið settar inn allar upplýsingar varðandi vinnu nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“, „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Hlunnindanýting á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds til ferðaþjónustuaðila við Breiðafjörð auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Að ósk Breiðafjarðarnefndar vann Náttúrustofa Vesturlands öryggis- og umgengnisbækling fyrir Breiðafjörð í samvinnu við nefndina. Um er að ræða upplýsingabækling fyrir ferðamenn og aðra sem um verndarsvæðið fara. Anok margmiðlun ehf. sá um uppsetningu bæklingsins og var hann prentaður í byrjun árs 2020. Bæklingurinn er í sama broti og fyrri bæklingar sem gefnir hafa verið út af nefndinni. Bæklingnum var dreift til ferðaþjónustuaðila og upplýsingamiðstöðva við fjörðinn auk þess sem hann er aðgengilegur á heimasíðu nefndarinnar².

¹ www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/fundargerdir

² <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/04/baeklingur-2019.pdf>

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar



Á ferð við Bjarneyjar á Breiðafirði 2021

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin þann 7. júlí. Lagt var af stað með eyjabátnum Særúnu úr

Stykkishólmshöfn kl. 9. Með í för voru nefndarmenn, umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt fylgdarliði, fulltrúar sveitarfélaganna sem að firðinum liggja (fulltrúar Vesturbyggðar áttu ekki heimangengt), fulltrúar Fornleifastofnunar Íslands og fulltrúar Umhverfisstofnunar. Fyrsta stopp var í Bjarneyjum þar sem Ásgeir Gunnar Jónsson sá um leiðsögn og þakkar nefndin honum kærlega fyrir fróðleikinn. Því næst var haldið í Drápssker þar sem tækifæri gafst á því að baða sig í heitum uppsprettum. Nefndin þakkar samferðamönnum kærlega fyrir fróðlegan og skemmtilegan dag.

Áherslumál

Framtíð Breiðafjarðar

Innan Breiðafjarðarnefndar hefur lengi verið rætt um að kominn sé tími á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar enda eru lögin orðin 25 ára gömul og aldrei tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Skerpa þurfi á lögunum til þess að þau geti þjónað betur markmiðum sínum. Þau þurfi að gera haldbærari, skýrari og áhrifameiri. Auk þessara lagabreytinga hefur reglulega verið ræddur sá möguleiki að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis.

Vorið 2016 sendi Breiðafjarðarnefnd sveitarfélögum við fjörðinn erindi þar sem óskað var eftir viðbrögðum þeirra varðandi hugmyndir nefndarinnar um að leggja það til við umhverfis- og auðlindaráðherra að skrá svæðið á lista yfir Ramsarsvæði. Svar barst frá fjórum sveitarfélögum sem almennt tóku jákvætt í erindið svo fremi sem það hefði ekki áhrif á framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu. Sveitarfélögin óskuðu eftir því að fá frekari upplýsingar um það hver áhrif skráningar yrðu.

Þegar ný nefnd tók til starfa árið 2017 setti nefndin sér ákveðna framtíðarsýn með það að markmiði að uppfylla stefnu verndaráætlunarinnar. Eitt þeirra verkefna sem nefndin einsetti sér að vinna að var að skoða kosti og galla skráningar svæðisins á lista yfir Ramsarsvæði. Í ljósi viðbragða sveitarfélaga við erindinu sem sent var árið 2016 ákvað nefndin að kynna þyrfti Ramsarsamninginn og hvað hann felur í sér

enn frekar fyrir sveitarfélögum við fjörðinn og leita eftir viðbrögðum þeirra áður en nefndin aðhefðist eitthvað frekar. Þess vegna var ákveðið að halda opna fræðslu- og umræðufundi vegna Ramsarsamningsins.

Árið 2019 átti sér stað umræða innan nefndarinnar um að leggja þyrfti áherslu á endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, enda eitt af þeim verkefnum sem talin voru upp í verndaráætlun. Á sama tíma vann umhverfis- og auðlindaráðuneytið að undirbúningi að stofnun Þjóðgarðastofnunar. Nefndinni þótti því eðlilegt að einskorða umræðuna ekki við Ramsarsvæði, heldur nýta tækifærið og skoða hvað fælist í helstu kostunum sem koma til greina fyrir framtíð fjarðarins.

Í byrjun janúar 2019 átti nefndin fund með nokkrum sérfræðingum um málefnið. Þar gafst nefndarmönnum tækifæri til þess að fræðast um hvaða leiðir væru mögulegar til þess að varðveita náttúru og menningu Breiðafjarðar og styrkja um leið enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn. Helst var fjallað um eftirfarandi leiðir: a) endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar, b) tilnefning Breiðafjarðar á Ramsarskrá yfir votlendissvæði, c) tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO og d) stofnun þjóðgarðs á Breiðafirði.

Í kjölfar fundarins samþykkti Breiðafjarðarnefnd að mikilvægt væri að kynna málið ítarlega fyrir íbúum, sveitarstjórnnum, atvinnulífi og öðrum hagsmunaaðilum og kalla eftir eins nánu samráði og nefndinni væri unnt. Upphafið að samráðsferlinu var málþing í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 23. október 2019. Þangað var sérstaklega boðið fulltrúum sveitarfélaga en það var þó öllum opið og var aðsókn mjög góð.

Í kjölfar málþingsins samþykkti nefndin að hefja eins ítarlegt samráð og henni var unnt við íbúa, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila og nýta árið 2020 til þess verkefnis.

Á árinu stóð nefndin fyrir fjórum opnum íbúafundum. Fræðslufundirnir voru auglýstir á heimasíðu og Facebook-síðu nefndarinnar, í bæjarblöðum og á heimasíðum sveitarfélaganna. Fundir voru haldnir við sunnanverðan fjörðinn fyrri hluta árs 2020 en vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri þurfti ítrekað að fresta fundum í Dalabyggð, Reykhólahrepp og Vesturbyggð. Að lokum var ákveðið að halda einn sameiginlegan fjarfund fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga í októberlok 2020.

Á fundunum fjallaði Erla Friðriksdóttir, formaður nefndarinnar, um vinnu nefndarinnar og næstu skref. Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands og fulltrúi í Breiðafjarðarnefnd, fjallaði um sérstöðu Breiðafjarðar og framtíð hans. Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, fjallaði um reynslu Snæfellinga af þjóðgarði. Í lok fundanna var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Á haustmánuðum 2020 óskaði Breiðafjarðarnefnd eftir fundum með sveitarstjórnnum sem að firðinum liggja. Sérstakur fundur var haldinn með fulltrúum hvernar sveitarstjórnar fyrir sig í gegnum fjarfundabúnað. Á fundinum kynnti Erla Friðriksdóttir, formaður Breiðafjarðarnefndar, nefndina og vinnu hennar síðastliðin misseri og Róbert Arnar Stefánsson gerði grein fyrir sérstöðu fjarðarins og möguleikum fyrir framtíð hans.

Á fundinum var kallað eftir óformlegum umræðum og athugasemdum frá sveitarstjórnafulltrúum sem nefndin gæti tekið mér sér í veginesti þegar hún legði lokahönd á niðurstöður samráðsvinnu sinnar.

Breiðafjarðarnefnd nýtti heimasíðu nefndarinnar til upplýsingagjafar um verkefnið en þar var sett upp sérstök síða tileinkuð „*framtid Breiðafjardar*“. Þar geta áhugasamir nálgast upplýsingar um verkefnið, kynnt sér þá kosti sem nefndin telur mögulega fyrir svæðið auk þess sem nefndin tók saman ítarlegan „spurt og svarað“ dálk þar sem algengum spurningum um verkefnið er svarað.

Niðurstöður samráðsvinnunnar voru loks teknar saman, ásamt drögum að tillögum nefndarinnar til umhverfis- og auðlindaráðherra. Sú samantekt var send sveitarstjórnnum við fjörðinn til formlegrar umsagnar þann 23. nóvember 2020. Hún var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar og íbúum þannig finnst kostur á að koma á framfæri athugasemdum í gegnum tölvupóst.

Að umsagnarfresti liðnum var lokahönd lögð á samantektina með tilliti til þeirra umsagna sem bárust, þá sérstaklega frá sveitarfélögum. Lokaútgáfu af samantektinni og tillögum Breiðafjarðarnefndar var loks skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra þann 19. janúar 2021. Það er svo ráðherra að taka ákvörðun um næstu skref.

Samantekt og tillögur Breiðafjarðarnefndar til ráðherra er að finna á heimasíðu nefndarinnar³ en hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum nefndarinnar.

Niðurstöður Breiðafjarðarnefndar

Í skýrslu sinni til ráðherra lagði Breiðafjarðarnefnd til við ráðherra að hefja sem fyrst vinnu við að skoða og kynna ítarlega hvaða kosti og galla þeir möguleikar sem kynntir voru, og eru taldir upp hér að ofan, hefðu fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Þannig gætu sveitarstjórnir, íbúar og aðrir hagaðilar myndað sér upplýsta skoðun og tekið þátt í mótun framtíðar Breiðafjardar.

Nefndin var einhuga um að í það minnsta þyrfti að endurskoða lög um vernd Breiðafjardar, gera þau sterkari og skýrari og að það yrði gert sem fyrst. Um leið yrði horft sérstaklega til þess möguleika að stækka svæðið svo það nái frá Bjargtöngum að Öndverðarnesi.

Samhliða endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjardar lagði nefndin til við ráðherra að hann beitti sér fyrir því að tilnefna Breiðafjörð á lista Ramsarsvæða.

Breiðafjarðarnefnd taldi að skoða ætti möguleika á því að skilgreina Breiðafjörð, að hluta til eða að öllu leyti, sem þjóðgarð. Þar sem eignarhald á svæðinu er flókið er ólíklegt að það takist á næstu árum ef þjóðgarðurinn ætti að ná yfir allan Breiðafjörð. Því væri rétt að skoða möguleika á að skipta svæðinu í undirsvæði þar sem mismunandi reglur gilda. Þjóðgarður í sjó væri mögulegt fyrsta skref þar sem ríkið fer með eignarhald utan netlaga. Það væri auk þess í takt við skuldbindingar Íslands í alþjóðlegum samningum, svo sem OSPAR-samningnum og samningnum um líffræðilega fjölbreytni.

Einnig mætti kanna hvort hluti svæðisins, þar sem landeigendur væru áhugasamir, yrði gerður að þjóðgarði og stefna ef til vill að stækkun hans síðar. Í því samhengi væri fýsilegt að horfa til norðan- og

³ http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf

austanverðs fjarðarins og mögulegrar tengingar við fyrirhugaðan þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum, sem nær meðal annars til Vatnsfjarðar en hann er friðland og hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar.

Nefndin taldi að stofnun þjóðgarðs mætti taka tíma og ætti í raun að taka tíma svo að hægt væri að ná sem víðtækastri sátt um framkvæmdina.

Breiðafjarðarnefnd lagði höfuðáherslu á að í áframhaldandi vinnu yrði þátttaka sveitarstjórna, íbúa, landeigenda, atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila tryggð. Nefndin taldi líka miklu máli skipta að fulltrúar svæðisbundinna og landsþekjandi fagstofnana á sviði náttúru- og menningarminja yrðu hafðir með í mótun framtíðar Breiðafjarðar og að áfram yrði lögð rík áhersla á fræðslu, samtal og samráð. Við frekari mótun á framtíð Breiðafjarðar þyrfti að gæta að samræmingu á vernd og nýtingu og að verndaraðgerðir takmörkuðu ekki sjálfbæra nýtingu á auðlindum sjávar.

Breiðafjarðarnefnd benti í samantekt sinni á að mikilvægur hluti verndargildis svæðisins væru hlunnindanyttjar, hefðin fyrir því að nýta gæðin og hvernig það er gert. Markmiðið með tillögum Breiðafjarðarnefndar væri að með aukinni vernd þrífist blómlegt atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri auðlindanotkun til framtíðar og að byggðir við fjörðinn eflist og styrkist.

Landvarsla við Breiðafjörð

Árið 2019 var í fyrsta sinn viðhöfð landvarsla við verndarsvæðið Breiðafjörð. Niðurstaða þess verkefnis var sú að væri að festa í sessi og efla landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar, sér í lagi yfir sumartímenn. Í ljósi þessara niðurstaðna hvatti Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra og Umhverfisstofnun til þess að halda þessu góða starfi áfram og tryggja fjármagn í landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Vorið 2020 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið aftur fjármagn til landvörslu á svæðinu sem nægði til sextán vikna landvörslu. Umhverfisstofnun sá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd. Sveitarfélögum á verndarsvæðinu var tilkynnt um að landvarsla væri fyrirhuguð og voru þeir landverðir ráðnir til starfa, mislengi eftir þörfum hvers svæðis fyrir sig.

- Landvörður I var við störf í Flatey í átta vikur: frá 29. júní – 23. ágúst
- Landvörður II var við störf á suðurströnd Breiðafjarðar í sex vikur: frá 6. júlí – 16. ágúst
- Landvörður III var við störf á norðurströnd Breiðafjarðar í tvær vikur: frá 13. júlí – 26. júlí.

Landverðir sinntu hefðbundnum skyldum eftir því sem við átti, auk þess að vinna að stefnumótun vegna framtíðarlandvörslu. Við skipulagningu starfanna var lögð rík áhersla á að landverðir öfluðu sér upplýsinga og kæmu með tillögur að úrbótum, einkum með það fyrir augum að svara þeim spurningum sem ósvarað var eftir landvörsluna árið á undan.

Í stuttu máli er niðurstaða verkefnisins 2020 sú að tilefni sé til að halda landvörslu við fjörðinn áfram, sér í lagi í Flatey. Þó skal undirstrikað að sumarið 2020 var síður en svo dæmigert, þó nær sé óþarfi að taka fram. Skýrslur Umhverfisstofnunar um landvörslu við Breiðafjörð 2019 og 2020 er að finna á heimasíðu stofnunarinnar en tengill á þær hefur einnig verið settur inn á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar⁴.

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/breidafjordur/>

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að fjármagn hafi verið sett í verkefnið síðastliðin tvö ár og telur reynsluna sýna að full þörf hafi verið á. Breiðafjarðarnefnd hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að festa fjárveitingar til landvörslu við Breiðafjörð í sessi til framtíðar og að ákvörðun um slíkt liggi fyrir með góðum fyrirvara, til að auðvelda undirbúning og útfærslu verkefnisins og skila enn árangursríkari landvörslu.

Náttúru- og menningarminjar

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd hefur um langt bil tekið þátt í örnefnaskráningu á verndarsvæðinu. Nefndin telur mikilvægt að þeirri skráningu verði haldið áfram. Í lok árs 2019 gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Verkefnið felst í skráningu örnefna eyja, skerja og flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Þannig er hægt að staðfesta áður skráð örnefni. Við lok árs 2020 hafði Náttúrufræðistofnun Íslands sent upplýsingar um örnefni á Breiðafirði til Landmælinga Íslands, eins og samningurinn sagði til um. Þorvaldur Þór Björnsson sá um að safna örnefnunum og Anette Theresia Meier sá um landupplýsingar, þ.m.t. gerð korta. Árið 2020 skiluðu þau inn 2158 örnefnum, bæði nýjum skráningum og leiðréttingum á örnefnum.

Fornminjakort fyrir Flatey

Á árinu 2017 styrkti Breiðafjarðarnefnd Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 1,5 milljónir vegna gerðar minjakorts fyrir Flatey á Breiðafirði. Kortið var byggt á skráningum sem félagið hafði þegar unnið á svæðinu með styrk frá nefndinni. Í ljós kom að lengri tíma tók að útfæra kortið en áætlað var. Félagið bar tillögur sínar undir skipulagsaðila í Reykhólasveit, heimamenn í Flatey, Framfarafélag Flateyjar, Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfisstofnun. Eftir að athugasemdir höfðu borist var lokahönd lögð á kortið. Breiðafjarðarnefnd kostaði prentun kortsins sumarið 2020 og var kortið frumsýnt í vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar þann 7. júlí 2020. Kortinu var dreift til Sæferða og til ferðapjónustuaðila og landvarða í Flatey.

Rannsóknir á lífríki fjarðarins

Búsvæðanotkun fiskseiða

Breiðafjarðarnefnd styrkti rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum til rannsókna á búsvæðanotkun fiskseiða. Markmið verkefnisins var að kanna hvort gróin svæði, t.d. þang, þari og marhálmur, innarlega í Breiðafirði séu mikilvæg búsvæði seiða. Notaðar voru veiðitölur, köfunarsnið, greiningar á magainnihaldi og stöðugum efnasamsætum til að meta notkun algengra tegunda seiða, t.d. þorsks og ufsa, á mismunandi botngerðum á innanverðum Breiðafirði. Áhersla var lögð á að meta mikilvægi þara, þangs og marhálms. Frumskýrslu um verkefnið var skilað til Breiðafjarðarnefndar í júní 2020 undir heitinu: „*Uppruni fæðu fiskisamfélaga í Breiðafirði*“. Höfundar skýrslunnar eru Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Anja Nickel. Helstu niðurstöður verkefnisins eru eftirfarandi:

- Veiðitölur og köfunarsnið sýna að 0+ þorsk- og ufsaseiði nýta þara og þangbreiður sem búsvæði en 1+ þorskseiði finnast helst í þara. Líklega eru búsvæðin nýtt til afránsvarnar.

- Greiningar á stöðugum efnasamsætum benda til að þorskseiði séu nokkuð staðbundnari en ufsaseiði séu hreyfanlegri.
- Upprunarakning á kolefni í öllum veiddum fiskum bendir til mikilvægis sviflægrar framleiðslu, sérstaklega í innanverðum Breiðafirði. Botnlæg framleiðsla er þó mikilvægari í fæðu stærri fiska t.d. 1+ þorskseiða.

Höfundar skýrslunnar taka fram að þær niðurstöður sem þar eru kynntar gefi mikilvæga grunnþekkingu á vistfræði fiskisamfélaga á strandsvæðum Breiðafjarðar. Bæði vænt og óvænt mynstur fæðunáms og fæðutengsla hafi komið fram. Þá hafi verkefnið lagt grunn að notkun stöðugra efnasamsæta og jafnvel talningu einstakra fæðutegunda til að vakta vistkerfi Breiðafjarðar. Höfundar leggja þó áherslu á að umfang verkefnisins og sýnatöku var lítið og telja mikilvægt að verkefninu verði fylgt eftir með frekari rannsóknum á sama sviði. Frumskýrsla Háskólasetursins um verkefnið má finna á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar⁵.

Vistfræði strandsvæða

Breiðafjarðarnefnd styrkti Vör sjávarrannsóknasetur um 300.000 krónur vegna rannsókna á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna mikilvægi mismunandi búsvæða fyrir fisktegundir í Breiðafirði og meta hvort búsvæðagerð hafi áhrif á fjölbreytileika, þéttleika og aldursdreifingu þeirra.

Jóhann Garðar Þorbjörnsson og Jónína Herdís Ólafsdóttir líffræðingar hjá Hafrannsóknastofnun í Ólafsvík og Vör sjávarrannsóknasetri mættu á fund nefndarinnar í byrjun árs 2020 og kynntu rannsóknir sínar og niðurstöður. Jóhann og Jónína kynntu þróun á aðferðafræði við slíkar rannsóknir á svæðinu en ákveðin þekkingareyða er varðandi vistfræði þessara svæða vegna þess að þau er erfitt að nálgast með stórum rannsóknaskipum. Það eru þó vísbendingar um að svæðin eru mikilvæg fyrir lífríki, til dæmis sem uppeldissvæði fyrir fiskungviði. Rannsóknin er hugsuð sem grunnur að vöktun á svæðinu og er verkefni sem tækifæri væri á að útvíkka og vinna á stærri skala.

Styrkurinn frá Breiðafjarðarnefnd nýttist í tækjakaup (myndavél, ljós og ramma) til þess að kortleggja búsvæði á rannsóknasvæðinu. Sumarið 2018 var nýtt til þess að prófa rannsóknaaðferðir og leiddu þær í ljós að það gæfi réttastar niðurstöður að nota 10 m strandnót og lagnet samtímis til að fá sem besta heildarmynd af fiskasamfélögum á strandsvæðum. Árið 2019 var farið í leiðangur með nót og lagnet. Búsvæði voru kortlögð með myndavélum og nú er unnið að úrvinnslu þeirra gagna sem aflað var. Langtímaframtíðarsýn er að búa til gróðurkort af firðinum.

Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd samþykkti að starfa með Svæðisgarði Snæfellinga og Sjávarrannsóknasetrinu Vör við að útbúa kennsluefni um fjörur sem nýst getur skólum við Breiðafjörð. Verkefnið fólst í því að útbúa hnitmiðað kennsluefni upp úr fjöruvísi Erlings Haukssonar sem mun nýstast skólum við Breiðafjörð sem og ferðapjónustuaðilum og öðrum íbúum og aðilum úr atvinnulífi við Breiðafjörð. Jónína hjá Vör hafði yfirumsjón með verkinu. Hún mætti á fundi Breiðafjarðarnefndar í byrjun árs 2020 þar sem hún kynnti

⁵ <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/05/Breidafjordur-skyrsla.pdf>

afrakstur vinnunnar. Um er að ræða tvíblöðung þar sem fjallað er um fjöruna almennt og undirbúning fjöruferða, frætt um sjávarföll og grein gerð fyrir nokkrum tegundum fjörugerða. Tvíblöðungurinn hefur verið birtur á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar auk þess sem honum hefur verið dreift á Snæfellsnesi⁶.

⁶ <http://www.breidafjordur.is/2020/fjorufraedsla/>

Lokaorð

Brátt rennur skipunartími núverandi nefndar út. Nefndarmenn sem setið hafa í Breiðafjarðarnefnd síðastliðin tæp fjögur ár hafa verið samstíga um að vinna að bjartri framtíð Breiðafjarðar með samráð og samvinnu að leiðarljósi. Þeir eru sammála um að stigin hafi verið mikilvæg skref með það að markmiði að kynna og upplýsa um hvaða möguleikar séu til staðar fyrir svæðið.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að samtalið um framtíð Breiðafjarðar er rétt að hefjast. Nefndin leggur áherslu á að næstu skref í mótun framtíðar Breiðafjarðar feli í sér vel útfærða fræðslu og ítarlegt samráð um málið svo skoðanir og afstaða byggja á réttum forsendum.

Nefndin er þakklát fyrir þátttöku íbúa, sveitarfélaga og annarra hlutaðeigandi í mótun framtíðar Breiðafjarðar á síðustu misserum.

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir, formaður

